

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK LANDBÚNAÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

113. fundur landbúnaðarráðs Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn 2. maí 2012 kl. 13:00 í Ráðhúsi Húnaþings vestra. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Endurskoðun fjallskilasamþykktar.
2. Samþykkt um búfjárhald í Húnaþingi vestra.
3. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Landbúnaðarráð fór yfir framkomnar athugasemdir við drög að endurskoðaðri fjallskilasamþykkt fyrir Húnaþing vestra en drögin voru send fjallskilastjórnnum að nýju til umsagnar að loknum síðasta fundi landbúnaðarráðs. Athugasemdir bárust frá fjallskiladeild fyrrum Bæjarhrepps og fjallskiladeild Hrutfirðinga. Landbúnaðarráð samþykkir fyrir sitt leyti Fjallskilasamþykkt fyrir Húnaþing vestra með áorðnum breytingum og vísar samþykktinni til afgreiðslu sveitarstjórnar.

2. Landbúnaðarráð fór yfir athugasemdir og spurningar sem bárust frá Guðrúnu Ragnarsdóttur við drögum að Samþykkt um búfjárhald í Húnaþingi vestra. Formanni og sveitarstjóra falið að svara bréfi Guðrúnar í samræmi við umræðu sem fram fór á fundinum. Landbúnaðarráð samþykkir fyrir sitt leyti drög að samþykkt um búfjárhald í Húnaþingi vestra og vísar samþykktinni til staðfestingar sveitarstjórnar.

3. Önnur mál.

A. Landbúnaðarráð leggur til að kr. 2.600.000- sem eru til ráðstöfunar á árinu 2012 til viðhalds og endurnýjunar heiðagirðinga verði skipt með eftirfarandi hætti:

Í Hrutafirði kr. 650.000-

Í Miðfirði kr. 893.000-

Í Víðidal kr. 1.057.000-

Lagt er til að kauptaxtar fyrir girðingarvinnu verði samræmdir. Landbúnaðarráð fer fram á að formenn fjallskiladeilda taki saman ítarlegt yfirlit um ástand heiðagirðinga þegar viðhaldi sumarsins 2012 er lokið. Yfirlitið verði sent landbúnaðarráði í október nk. Formenn fjallskiladeilda gæti þess að kostnaði viðhaldsframkvæmda sé haldið innan fjárheimilda.

B. Landbúnaðarráð samþykkir að fela sveitarstjóra að leita eftir samkomulagi um grenjavinnslu og minkaleit við þá aðila sem séð hafa um það verkefni í fyrrum Bæjarhreppi. Farið verði eftir gildandi reglum um veiðar og vinnulaun sem gilda í Húnaþingi vestra.

C. Landbúnaðarráð samþykkir að leggja til við sveitarstjórn að upprekstur hrossa í Kirkjuhvammi verði bannaður nú í vor þangað til úttekt hefur farið fram á gróðurfari og beitarþoli jarðarinnar og fyrirkomulag upprekstrar hrossa á jörðinni til lengri tíma verði ákveðið.

Jóhann Ragnarsson vék af fundinum kl. 14:50

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 15:10

Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir(sign.),
Sigtryggur Sigurvaldason(sign.),
Agnar Jónsson(sign.),

Þórarinn Óli Rafnsson(sign.),
Þorsteinn B. Helgason(sign.),
Skúli Þórðarson(sign.).